



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Eskifirði 25. apríl 2017

Umsögn Tanna ferðaþjónustu, kt. 680593-2489, á Eskifirði um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2018-2022, mál nr. 402.

Tanni ferðaþjónusta ehf. er lítið fjölskyldufyrirtæki á Austurlandi, sem rekur ferðaskrifstofu og eigin hópbifreiðar. Hjá okkur starfa 10 starfsmenn allt árið en fleiri yfir sumartímam þegar háannatími ferðaþjónustu stendur yfir. Meginþáttur okkar atvinnustarfsemi í gegnum árin hafa verið fólksflutningar en síðustu 5 árin höfum við verið að leggja okkur fram við það að byggja upp samvinnu og vöruþróun á Austurlandi undir vörumerkinu MEET THE LOCALS™. Það er einstaklega skemmtilegt, gefandi og krefjandi verkefni. Við höfum farið okkur hægt, fetað veginn. Það er vegna þess að þrátt fyrir að sumarið sé að miklu leyti fullbókað á Austurlandi, þá er sannarlega ekki hægt að segja það um annan tíma ársins. Það er því ekki annað hægt en að byggja rólega upp. Því höfum við þungar áhyggjur af fyrirhugaðri hækkun virðisaukaskatts á greinina og afleiðingar hennar.

Okkar háannatími er einungis þrjú mánuðir, júní til september. Það er raunveruleikinn sem við búum við á Austurlandi, og höfum við lagt mjög mikið á okkur að lengja hann og eigum enn töluverða vinnu fyrir höndum í þeim efnum. Töldum við að ríkisvaldið væri að hluta til með okkur í því, t.d með stofnun Stjórnstöðvar ferðamála og nú nýlega með skipun Ráðherra ferðamála. Raunin er önnur og það skýtur afar skökku við að hækka álögur á greinina þegar loks fer að sjá fyrir hornið, og lenging á annatíma mögulega að verða að veruleika. Lenging á annatíma sem myndi hafa í för með sér að fleiri heilsársstörf skapist, fólk menntar sig frekar til að starfa í greininni og getur treyst því að fá vinnu á sínu heimasvæði allt árið.

Virðisaukaskattshækkunin mun hafa afdrifaríkar afleiðingar fyrir okkar fyrirtæki, önnur fyrirtæki á landsbyggðinni og greinina alla. Afleiðingar sem verður erfitt að vinda ofan af. Við munum ekki treysta okkur í fjárfestingar, fjármálafyrirtæki munu ekki setja peninga út á svæðin, fjárfestar halda að sér höndum og áfram mun svæðið næst gáttinni inn í landið, um Keflavík, verða ofsetið.

Þetta mun hafa í för með sér tilheyrandi vetrarlokanir ferðaþjónustuaðila úti á svæðunum, minni gæði veittrar þjónustu, ómenntað og lítið þjáfað starfsfólk mun sinna ferðamanninum, minni framlegð fyrirtækja verður til innri fjárfestingar sem leiðir af sér dýrarara viðhald og nýsköpun mun heyra sögunni til. Á 3-5 árum munum við fara 20 ár aftur í tímann.





Eins og þetta horfir við okkur þá mun fólk ekki hætta að koma til landsins en því mun fækka, það mun stytta dvölinu og það mun ferðast styttra út á svæðin. Einhverjir koma austur og vonandi verðum við þá til staðar, áfram með MEET THE LOCALS™ upplifun. Sú upplifun er þó þeim annmörkum háð að við vinnum það ekki ein. Við þurfum á öllum hinum að halda til að hafa eitthvað að selja og miðað við það sem upp er talið að ofan, þá verður eitthvað minna til að selja.

Ég get ímyndað mér að þeir sem ekki reka ferðaþjónustufyrirtæki á landsbyggðinni, hvað lengst frá helstu gátt ferðamanna inn í landið, eigi erfitt með að setja sig í þessi spor og þær áhyggjur, sem ég lýsi hér að ofan. Ég hvet ykkur því eindregið til að setja ykkur inn í okkar heim og athuga hvort þið fáið út aðra rekstraráætlun en við.

Virðingarfyllst,

Dána Mjöll Sveinsdóttir,
framkvæmdastjóri Tanna ferðaþjónustu.

